

V.t. Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

### Útboð nr. 15857 - Rammasamningur um tölvu- og netbúnað

Tilboð í rammasamning um tölvu- og netbúnað voru opnuð þann 3. apríl s.l. Um er að ræða almennt útboð sem auglýst var á EES í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016 um gerð rammasamninga. Rammasamningurinn nær til kaupa á tölvu- og netbúnað ásamt tengdum vörum í samtals 16 hlutum, en bjóðendum var heimilt að bjóða í einstaka hluta og einstaka vöruflokka innan hvers hluta.

Fyrirfram áætlað virði samningsins fyrir hluta 1 til 16 var 300-400 milljónir árlega. Reykjavíkurborg áskilur sér þó rétt til að versla vörur sem gætu fallið undir samning fyrir allt að 10% af veltu samnings til að uppfylla sértækar þarfir sem upp gætu komið.

Ákveðið var að byggja gögn á fyrri samning sem var í gildi frá 2019 til og með 2023 að viðbættum þjónustuskilmálum. Markmiðið með þessum nýja rammasamningi var því að ná fram aukinni þjónustu frá seljendum við kaup á búnaði samhliða því að kaup verði áfram framkvæmd að mestu leiti með örútbodum á samningstíma. Örútbod skulu framkvæmd þegar kostnaðaráætlun innkaupa er yfir 10.000.000 án vsk., en kaupendum er þó heimilt að nýta sér örútbod ef kostnaðaráætlun er lægri telji þeir það hagkvæmast.

Bjóðendur skila inn afsláttarprósentu frá verðlista sem ná til kaupa sem ekki eru framkvæmd með örútbodum.

Í hluta 1 til 16 bærust tilboð frá þrettán fyrirtækjum en fimm fyrirtæki buðu í alla hluta, sjá fylgiskjal Hlutar 1-16.

Eftirfarandi er sundurliðun á þeim hlutum sem bjóðendur skiluðu tilboði í.

Bjóðendur	Hlutar
Tækniþær ehf. (Computer.is)	1A,1B,2,3,4,5,6,7,9,10,11,12,13,14,15
Advania ehf.	Býður í alla hluta
Tölvutækni (TT 2024)	Býður í alla hluta
Mii ehf.	1A,1B,2,4,7,8,12,13,14,15
Varmás ehf.	1B,2,8,12
Origo ehf.	Býður í alla hluta
Luxor tækjaleiga ehf.	8
Tölvulistinn	Býður í alla hluta
Egilsson ehf. / A4	1B,2,3,4,8,12,15
Skakkiturn ehf. (Epli verslanir)	1A,1B,2,12,14,15
Atendi ehf.	1B,2,8
Sensa ehf.	1A,3,5,6,7,9,10,11,14
Opin kerfi hf.	Býður í alla hluta

Samkvæmt grein 0.8 *Forsendur fyrir vali tilboðs* er tekið fram að samið verði við alla bjóðendur sem standast hæfiskröfur útboðsgagna.

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar hefur yfirfarið þau tilboð sem bárust hvað varðar fjárhagslegt og tæknilegt hæfi bjóðenda og uppfylltu átta af þrettán bjóðendum kröfur útboðsgagna.

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar leggur til að semja við þá átta bjóðendur sem stóðust kröfur en þeir eru.

Bjóðendur	Hlutar
Advania ehf.	Býður í alla hluta
Origo ehf.	Býður í alla hluta
Luxor tækjaleiga ehf.	8
Tölvulistinn	Býður í alla hluta
Egilsson ehf. / A4	1B,2,3,4,8,12,15
Skakkiturn ehf. (Epli verslanir)	1A,1B,2,12,14,15
Sensa ehf.	1A,3,5,6,7,9,10,11,14
Opin kerfi hf.	Býður í alla hluta

Eftirtaldir bjóðendur skiluðu inn tilboðum en standast ekki fjárhagsskoðun. Tilboð þeirra teljast því ógild.

#### Bjóðendur

Tæknibær ehf. (Computer.is)  
Tölvutækni (TT 2024)  
Mii ehf.  
Varmás ehf.  
Atendi ehf.

Gildistími samnings er fjögur ár frá því að samningur kemst á. Hægt er að segja samning upp í heild sinni eða einstökum hlutum með þriggja mánaða fyrirvara.

Undirritað f.h. Skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar

Gunnar G. Ingvarsson